



# Friðlýsing Leiruvogs aðkoma sveitarfélags

Tómas G. Gíslason  
umhverfisstjóri




MOSFELLSBÆR

# FRIDLÝST SVÆÐI Í MOSFELLSBÆ



MOSFELLSBÆR





Maxar Iceland Ortho50



**UMHVERFIS**  
STOFNUN

## Blikastaðakró Leiruvogur

- Tillaga að mörkum friðlýsingar
- Friðlýst svæði

Flatarmál: 4,47 km <sup>2</sup>
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Umhverfisstofnun, dags. 1.4.2022

← Forsíða / Náttúra / Náttúruverndarsvæði / Friðlýst svæði / Suðvesturland / Blikastaðakró – Leiruvogur

# Blikastaðakró – Leiruvogur



Mynd: Ingibjörg M. Bjarnadóttir

Blikastaðakró-Leiruvogur var friðlýst sem friðland þann 16. september 2022. Umrætt svæði sem liggur innan Reykjavíkur og Mosfellsbæjar er mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla og fóstur ríkulegt fuglalíf allt árið um kring, þ.á m. ábyrgðartegundir fugla. Svæðið er einnig viðkomustaður landsela.

# BLIKASTAÐAKRÓ OG LEIRUVOGUR



MOSFELLSBÆR

- Friðlýst sem friðland 16. september 2022
- Ferill hófst snemma árs 2021, en í raun mun fyrr
- Á náttúruminjaskrá í aðalskipulagi Mos 2011
- Viðkomustaður farfugla og fjölbreytt fuglalíf
- Landselir
- Meðal fárra óraskaðra leira á höfuðborgarsvæðinu
- Svæði innan tveggja sveitarfélaga
- Samstarf Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Ust
- Skipun samstarfshóps sveitarfélaga og Ust
- Aðkoma náttúruverndar-/umhverfisnefnda mikilvæg<sub>5</sub>

# FERILL FRÍÐLÝSINGAR



MOSFELLSBÆR

## Tillaga að friðlýsingu berst

Eftir að tillaga er móttækin tekur við gagnaöflun þar sem aflað er gagna um hver sérstaða svæðisins er, landeigendur, landnýtingu svæðisins, skipulag, hagsmunaaðila og tengsl við aðrar landnýtingaráætlanir.

Sé niðurstaða könnunar á þá leið að svæðið hafi hátt verndargildi er tekin ákvörðun um hvort hefja skuli undirbúning friðlýsingar. Sé það niðurstaðan er skipað í samstarfshóp.

1

## Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp

Í samstarfshópi eiga alla jafna sæti réttihafar lands og sveitarfélög sem hafa skipulagsvald á svæðinu. Samstarfshópur getur óskað eftir samvinnu við fagstofnanir og hagsmunaaðila við undirbúning friðlýsingar. Með virkri þátttöku hagsmunaaðila og réttihafa næst bestur árangur við að móta friðlýsingarskilmála sem farið er eftir og aðilar standa vörð um.

2

## Fyrsti fundur samstarfshóps

Þar er málið kynnt og farið yfir feril friðlýsingar, afmörkun svæðis og almenna friðlýsingarskilmála. Á fundinum er tekin ákvörðun um hvort forsenda sé fyrir áframhaldandi vinnu við friðlýsingu og undirbúning að kynna áform um friðlýsingu.

3

## Áform um friðlýsingu kynnt

Áður en áform eru kynnt skulu liggja fyrir drög að mörkum, verndargildi og markmið friðlýsingar svæðisins. Upplýsingar eru settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem koma fram upplýsingar um svæðið, hverjir eiga sæti í samstarfshópi og tenglar á verk- og tímaáætlun. Áform um friðlýsingu svæðis eru kynnt opinberlega þar sem almenningi og öllum sem hagsmuna eiga að gæta gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

4

4 vikur

Friðlýsingarferlið - að lágmarki 9 mánuðir

5

## Farið yfir athugasemdir og drög að auglýsingu unnin

Samstarfshópur kemur saman og fer yfir athugasemdir sem berast á kynningartíma. Umhverfisstofnun tekur síðan saman umsagnir um framkomnar athugasemdir og viðbrögð við þeim. Að því loknu vinnur samráðshópur tillögu að friðlýsingarskilmálum að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem berast á kynningartíma. Yfirleitt fara nokkrir fundir samstarfshóps fram við vinnu að gerð tillögu að friðlýsingarskilmálum.

6 vikur

6

## Kynning auglýsingar

Þegar fyrir liggur tillaga samstarfshóps að friðlýsingarskilmálum er hún auglýst þar sem öllum sem hagsmuna eiga að gæta og láta sig málið varða gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Kynning getur farið fram með ýmsum hætti t.d. á heimsíðum, á samráðsfundum o.fl.

Tillagan er kynnt sérstaklega fyrir landeigendum og réttihöfum lands og þeim kynntur réttur til bóta skv. 42. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvemd.

7

## Unnið úr athugasemdum

Umhverfisstofnun í samráði við samstarfshóp vinnur úr athugasemdum. Öllum athugasemdum og ábendingum er svarað í greinargerð.

8

## Lokaútgáfa friðlýsingar send til ráðherra til staðfestingar

Lokatillaga að friðlýsingu ásamt fylgigögnum og þeim athugasemdum sem borist hafa er send umhverfis- og auðlindaráðherra til ákvörðunar og upplýst um hvort samkomulag hafi náðst um friðlýsingu.

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir friðlýsinguna og í kjölfarið er friðlýsingin auglýst með lögformlegum hætti og öðlast friðlýsing þá gildi.



# FERILL FRIÐLÝSINGAR

- Afmörkun svæðis – kortagerð
- Friðlýsingaskilmálar / auglýsing – ýmis skilyrði
- Hagaðilar og umsagnir – í höndum Umhverfisstofnunar
- Stjórnunar- og verndaráætlanir – aðgerðaráætlun/markmið
- Umsjón – umsjónarsamningar
- Eftirlit – landvarsla Umhverfisstofnunar
- Friðlýsingaskilti – samstarfsverkefni, endurnýjun
- Fræðsluskilti – fuglalíf, fjörulíf
- Innviði – fuglaskoðunarhús
- Aðgengi – bílastæði, göngustígar, aðgengi fatlaðra

# STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLUN



MOSFELLSBÆR

- Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið
- í samvinnu við sveitarfélögin, NÍ og hagaðila
- Fjallað um umsjón svæðis, verndaraðgerðir, rannsóknir, vöktun, fræðslu, nytjar og umferð



**Tungufoss**

Mosfellsbær

Stjórnunar- og verndaráætlun 2020-2029

september 2018



**Álafoss**

Mosfellsbær

Stjórnunar- og verndaráætlun 2020-2029

september 2018





# FRIDLÝSINGASKILMÁLAR

- Almenn umgengni og reglur
- Umferð gangandi, ríðandi, akandi, vatnataækja
- Notkun vélknúinna ökutækja og vatnataækja óheimil
- Óheimilt að trufla dýralíf og raska gróðri og minjum
- Tillit til fuglalífs á varptíma
- Framandi tegundir
- Bannað að tjalda eða fara með eld
- Hundar í taumi
- Notkun skotvopna og veiðar óheimilar - undantekningar
- Drónar bannaðir á varp- og fartíma

16. september 2022 | 10:41

# Blikastaðakró–Leiruvogur friðlýst á degi íslenskrar náttúru



Blikastaðakró–Leiruvogur var friðlýst sem friðland í dag þegar Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra undirritaði friðlýsinguna.

Svæðið sem liggur innan Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, er mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla. Svæðið fóstur ríkulegt fuglalíf allt árið um kring, þar á meðal ábyrgðartegundir fugla. Svæðið er einnig viðkomustaður landsela.

Verndargildi svæðisins er hátt og felst ekki síst í grunnsævi, miklum sjávarfítjum og viðattumiklum leirum. Leirurnar eru meðal fárra óraskaðra leira á höfuðborgarsvæðinu og geyma ríkulegt samfélag sjávarhryggleysingja. Auk þess að vera fuglum nauðsynlegar gegna leirur einnig mikilvægu hlutverki við að takmarka gróðurhúsaáhrif og önnur neikvæð áhrif loftslagsbreytinga en leirur binda gróðurhúsalofttegundir og er binding á flatareiningu mikil.

# FRIDLÝSINGARSKILTI



MOSFELLSBÆR





## FUGLASKOÐUNARHÚS Í MOSFELLSBÆ

Mosfellsbær hefur komið upp glæsilegu fuglaskoðunarhúsi í Leiruvogi sem stendur öllum fuglaáhugamönnum opið. Leiruvogurinn er einstakur hvað varðar fuglalíf allan ársins hring og því gott að fylgjast þar með fuglum í sínu náttúrulega umhverfi. Húsið er vel staðsett nálægt leirunni, þar sem fjöldi vaðfugla heldur til, og úr því er góð yfirsýn yfir Langatanga, sem margar fuglategundir nýta sér sem hvíldarstað. Inni í húsinu er að finna greinargott upplýsingaskilti um fuglalífið á svæðinu ásamt gestabók sem gestir eru hvattir til að rita nafn sitt í. Aðstaða fyrir fatlaða er góð og gert ráð fyrir að fatlaðir geti athafnað sig sjálfir í húsinu.

Fuglaskoðunarhúsið er staðsett við Langatanga neðan við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Aðgengi að húsinu er gott með göngustígum sem liggja meðfram ströndinni eða frá golfskálanum. Lyklar að húsinu fást afhentir í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli, Lækjarhlíð 1a, virka daga frá kl. 6:30 – 21:30 og um helgar frá kl. 8:00 – 19:00. Auk þess eiga sérlegir fuglaáhugamenn eða félög þess kost að fá lykil til umráða. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Mosfellsbæjar.


[www.mos.is/fuglaskodun](http://www.mos.is/fuglaskodun)



# FUGLAFRÆÐSLUSTÍGUR – Okkar Mosó



MOSFELLSBÆR



**Fuglastígur í Leiruvogi. Staðsetning skilta, skoðunarhúss og helstu örnefni.**  
Leiruvogur er mjög áhugavert fuglasvæði. Leirur eru mikilvægt búsvæði fyrir fugla, þeir safnast þar þúsundum saman á fjöru til að eta, en hvíla sig í grenndinni á flóði; á túnun og töngum. Leirur finnast aðallega á Vesturlandi, þær eru lífauðugar og ómissandi bensinstöð fyrir farfugla, fargesti og staðfugla. - Stígurinn er um 2,7 km, frá skilti 1 við Varmárósa að skilti 4 á Blikastaðanesi. Vinsamlegast gangið einungis á stígnum á varptíma fugla og hafið hunda í bandi.

# FUGLAFRÆÐSLUSTÍGUR – Okkar Mosó



MOSFELLSBÆR



# SELIR Í LEIRUVOGI VIÐ GORVÍK



MOSFELLSBÆR



# BLIKASTAÐAKRÓ OG LEIRUVOGUR



MOSFELLSBÆR





# MOSFELLSBÆR

Gildi Mosfellsbæjar

